

## 221. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 6. desember 2018, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Óttar Bragi Þráinsson, Eyrún M. Stefánsdóttur, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að tekið yrði fyrir undir lið 3.22 trúnaðarmál. Var það samþykkt samhljóða. Gengið var til dagskrár.

### *Dagskrá fundar:*

#### **1. Fundargerðir til staðfestingar:**

- 1.1 88. fundur veitustjórnar Bláskógabyggðar, haldinn 28. nóvember 2018.  
Umræða varð um fundargerðina og fjárhagsáætlanir Bláskógaveitu og vatnsveitu. Sveitarstjórn samþykkir tillögu veitustjórnar um að ekki verði um að ræða hækkun á gjaldskrá Bláskógaveitu (hitaveitu) fyrir árið 2019. Sveitarstjórn leggur áherslu á að vinna við uppsetningu fjarálestrarmæla hefjist eftir áramótin.
- 1.2 18. fundur umhverfisnefndar haldinn 16. október 2017.
- 1.3 19. fundur umhverfisnefndar haldinn 22. janúar 2018.
- 1.4 20. fundur umhverfisnefndar haldinn 6. apríl 2018.
- 1.5 21. fundur umhverfisnefndar haldinn 22. maí 2018.
- 1.6 22. fundur umhverfisnefndar haldinn 3. október 2018.
- 1.7 23. fundur umhverfisnefndar haldinn 14. nóvember 2018.
- 1.8 24. fundur umhverfisnefndar haldinn 26. nóvember 2018.
- 1.9 1. fundur menningarmálanefndar haldinn 12. nóvember 2018. Sveitarstjórn þakkar nefndinni fyrir skipulagningu á bókagleði á Laugarvatni um sl. helgi.
- 1.10 56. fundur stjórnar byggðasamlags UTU haldinn 14. nóvember 2018, ásamt fjárhagsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun byggðasamlags UTU þar sem gert er ráð fyrir að hlutdeild Bláskógabyggðar í rekstrarkostnaði nemi kr. 44.546.242.
- 1.11 166. fundur skipulagsnefndar haldinn 14. nóvember 2018 ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-89.

#### **Mál nr. 6; Skálholt lnr. 167166: Deiliskipulag – 1705001**

Lögð fram, að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina ásamt umhverfisskýrslu og nær tillagan til allrar jarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Samkvæmt tillögunni eru m.a. afmarkaðir byggingarreitir fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðun lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og

staðsetning Þorláksbúðar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis. Einnig var lagt fram tölvuskeyti Finns Kristinssonar, landslagsarkitekts, dags. í dag. Tillaga og greinargerð voru auglýstar frá 18. apríl til 31. maí 2018. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofu Íslands, Vegagerðarinnar og Minjastofnunar Íslands. Einnig bárust athugasemdir frá einstaklingum þ.e. frá Þorfinni Þórarinssyni dags. 6.5.2018 og Guðmundi Ingólfssyni og Elínborg Sigurðardóttur dags.23.5.2018. Athugasemdir þeirra voru á sömu lund þ.e. að þau leggja til að gera þurfi tengiveg innan Skálholtssvæðisins, þannig að ekki þurfi að fara út á þjóðvega til að fara á milli kirkjussvæðis annars vegar og hins vegar Skálholtsbýlisins.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að svara þeim aðilum sem gerðu athugasemdir og mælist til að tillit verði tekið til athugasemda vegna veltenginga milli svæða og gerðar verði breytingar og lagfæringar á tillögu sem komi til móts við athugasemdir.

#### **Mál nr. 7; Efri-Reykir lóð (L180194); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús með geymslu - 1810035**

Lögð er fram umsókn Gunnars Ingvarssonar og Ingunnar H. Þóroddsdóttur dags. 12.10.2018, móttækin 18.10.2018, um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með risi og áfastri geymslu, 142,6 m<sup>2</sup>, á sumarhúsalóðinni Efri-Reykir lóð (L180194) í Bláskógabyggð. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóðinni með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Staðsetning húss skal þó ekki vera nær ánni en 50m.

Mál nr. 20, fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 18-89

#### 1.12 167. fundur skipulagsnefndar haldinn 31 október 2018 ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-90.

#### **Mál nr. 1; Heimreið að Miðfelli (L170736); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús - 1810026**

Lögð er fram umsókn Jóns Sigurðssonar og Jónínu Thorarensen dags. 09.10.2018 móttækin 10.10.2018 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús 70m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Heimreið að Miðfelli (L170736) í Bláskógabyggð. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir sumarhúsi með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar.

#### **Mál nr. 2; Skálabrekkugata 9 L203326 og 11 L203327; Skipting lóðar - 1811052**

Halldór Friðrik Þorsteinsson óskar eftir að lóðinni Skálabrekkugötu 9 L 203326 verði aftur breytt í tvær lóðir þ.e. 9 og 11, eins og þær voru fyrir deiliskipulagsbreytingu sem var samþykkt í sveitarstjórn 12.1.2010.

Almenn stefna sveitarfélagsins er að skipta ekki upp né sameina lóðir á þegar skipulögðum svæðum en þar sem breytingin felst í að skipta lóðinni á sama veg og þær voru í upphaflegu skipulagi frá 2006 þá gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við

breytinguna. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

**Mál nr. 3; Espigerði L167399; Breytt stærð lóðar – 1811053**

Sævar H. Jóhannsson leggur fram fyrirspurn um hvort hægt verði að fá fram stækkun á lóðinni Espigerði L167399 um ca 2,1 ha. Hann hefur áhuga á að stunda skógrækt og að fá heimild til byggingar íbúðarhúss.

Sveitarstjórn synjar beiðni umsækjanda um stækkun lóðar. Sveitarstjórn telur ekki æskilegt að stunduð verði skógrækt innan þéttbýlismarka Laugaráss.

**Mál nr. 4; Heiðarbær lóð 170191 Steypa kjallara undir hús Fyrirspurn - 1809013**

Tekið fyrir að nýju eftir að tillaga umsækjanda var grenndarkynnt, eftirfarandi: Samúel Smári Hreggviðsson f.h. skráðra eigenda sumarhúss að Heiðarbæ landnr. 170191, óskar eftir heimild til að hækka húsið um 1 m og þá fái stækkun upp á 2,7 m og einnig leyfi til að steypa kjallara undir húsið. Núverandi stærð húss er 45,3 m<sup>2</sup>, en kjallari yrði 84,8m<sup>2</sup> að stærð. Geymsluskúr sem er á lóðinni yrði fjarlægður. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Skipulagsnefnd bókaði á fundi sínum 13.9.2018 eftirfarandi: Skipulagsnefnd samþykkir að byggingarfulltrúa verði gefin heimild til að gefa byggingarleyfi fyrir byggingaráformum með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og samþykki landeiganda(Jarðeignir ríkisins).

Eftir að grenndarkynningu lauk kom í ljós að landeigandi var andvígur svo stóru húsi og meinar að húsið fari í stærð upp fyrir hámark nýtingarhlutfalls byggingarmagns á lóð.

Sveitarstjórn mælir með að byggingarfulltrúi synji ofngreindri umsókn um byggingarleyfi í þeirri mynd sem fram er komin.

**Mál nr. 5; Kjóstaðir 1 land 2 L220934; Skjól; Íbúðarhús og skemma og breytt heiti lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 1811054** María Bjarnadóttir f.h. Skjótur ehf leggur fram umsókn og tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Kjóstaða 1 land 2.

Breytingin felur í sér að bætt er við byggingarreit (B2) fyrir byggingu íbúðarhús á tveimur hæðum. Að auki skemmu sem mun hýsa hesthús og geymslu. Aðkoma er frá Kjóstaðavegi nr. 3667. Nýr aðkomuvegur verður lagður að fyrirhuguðum byggingum, sem tengjast mun þeim aðkomuvegi sem fyrir er. Að öðru leyti gilda skilmálar frá fyrra gildandi skipulagi. Einnig er óskað eftir breytingu á skráningu lóðarinnar og að hún fái heitið Skjól.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Þá samþykkir sveitarstjórn breytingu á skráningu heitis fyrir Kjóstaði 1 land 2, í heitið Skjól.

1.13 Mál nr. 22, fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 18-90.

**2. Fundargerðir til kynningar:**

2.1 271. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 17. október 2018.

2.2 272. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 1. nóvember 2018.

- 2.3 273. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 20. nóvember 2018.
- 2.4 539. fundur stjórnar SASS, haldinn 16. nóvember 2018.
- 2.5 190. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, haldinn 26. nóvember 2018.
- 2.6 1. fundargerð verkfundar byggingar leikskólans Álfaborgar, haldinn 31. ágúst 2018.
- 2.7 3. fundargerð verkfundar byggingar leikskólans Álfaborgar, haldinn 14. nóvember 2018.
- 2.8 4. fundargerð verkfundar byggingar leikskólans Álfaborgar, haldinn 4. desember 2018.
- 2.9 14. fundur Héraðsnefndar Árnesingar, haldinn 22. október 2018.
- 2.10 Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 18. október 2018.
- 2.11 Fundargerð aðalfundar SASS, haldinn 18. og 19. október 2018.
- 2.12. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. nóvember 2018.

### 3. Innsend bréf og erindi:

- 3.1 Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 10. september 2018, tillaga að friðlýsingu í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar, Suðurland vatnasvið Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu: 32 Gýgjarfossvirkjun og 33 Bláfellsvirkjun. Friðlýsingin byggir á 53. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Friðlýsingartillagan var lögð fram ásamt upprætti, ályktun Húnavatnshrepps frá 24. október s.l. og umsögn umhverfisnefndar Bláskógabyggðar frá 24. fundi sem haldinn var 26. nóvember 2018. Tillagan var áður tekin fyrir í byggðaráði Bláskógabyggðar 26. september sl. og vísað til umsagnar umhverfisnefndar. Fulltrúar Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps héldu sameiginlegan fund með fulltrúum Umhverfisstofnunar og umhverfisráðherra vegna málsins í október sl. Umhverfisnefnd Bláskógabyggðar gerði í umsögn sinni ekki athugasemd við friðun á árfarvegi Hvítaár og Jökulfalls fyrir fallvatnsvirkjunum samkvæmt tillögu frá Umhverfisstofnun. Bendir nefndin á að gæta þurfi þess að friðunin nái eingöngu til vatnasviðs framangreindra vatnsfalla, en samkvæmt meðfylgjandi upprætti nær friðlýsingin talsvert inn á vatnasvið Blöndu. Hið friðlýsta verndarsvæði muni vera 139.170 ha. Í umsögn Húnavatnshrepps um tillöguna eru gerðar athugasemdir við útfærslu friðlýsingarinnar, m.a. vegna þess að hún teygi sig inn á vatnasvið Blöndu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur undir athugasemdir Húnavatnshrepps. Sveitarstjórn telur fráleitt að miða við vatnasvið alls svæðisins og að leggja til að það lendi undir friðlýsingu. Vísar sveitarstjórn í þessu sambandi til ákvæða 53. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en þar er ekki talað um að friðlýsa heilu vatnasviðin heldur friðlýsa svæði sem falla í verndarflokk. Allt of víðtæk túlkun á sér ekki stoð í lagaákvæðinu og er ekki tilgangur þess. Sveitarstjórn hafnar því alfarið að vatnasvið alls svæðisins verði lagt til grundvallar. Þá má einnig vísa til vinnu faghóps í 2. áfanga rammaáætlunar, m.a. korta af áhrifasvæðum þessara virkjunarkosta, en þá er þetta upplegg ekki með þessum hætti. Sveitarstjórn leggur því til að friðlýsingin nái einungis til árfarvegs Hvítár og Jökulfalls, sem þessar virkjanir hefðu haft áhrif á og þau lónstæði sem hefðu þurft til að afla þessum tveimur virkjunarkostum orku. Friðlýsingin nái ekki til annarra hluta þess svæðis sem afmarkað er á upprætti sem fylgdi tillögunni, enda hafi friðlýsing á grundvelli 53. gr. náttúruverndarlaga engan tilgang utan árfarvegs viðkomandi vatnsfalla.

- 3.2 Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. nóvember 2018, varðandi Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu. Lagt var fram bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélög varðandi greiðslu kostnaðar við rútuferðir nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til skólastjórnenda.
- 3.3 Bréf Menntamálastofnunar dags. 9. nóvember 2018, þar sem tilkynnt er að Bláskógaskóli Laugarvatni hafi verið valinn til ytra mats á vorönn 2019. Lögð var fram tilkynning Menntamálastofnunar um að Bláskógaskóli á Laugarvatni hafi verið valinn til ytra mats á vorönn 2019. Þungamiðja matsins eru stjórnun, nám og kennsla og innra mat skólans. Boðið er upp á að skóli, skólanefnd eða sveitarstjórn komi fram með óskir um að matsteymi skoði einhvern fjórða þátt í starfi viðkomandi skóla, svo fremi sem hægt er að meta viðkomandi þátt með þeim gagnaöflunaraðferðum sem notaðar eru í matinu. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn fagnar því að skólinn hafi verið valinn til ytra mats á vorönn 2019. Sveitarstjórn felur skólanefnd að meta hvort óskað verði eftir að einhver fjórði þáttur í starfið viðkomandi skóla verði metinn.
- 3.4 Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2018, um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt). Umsagnarbeiðni Allsherjar- og menntamálanefndar var lögð fram, ásamt frumvarpi til breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við frumvarpið.
- 3.5 Erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 26. nóvember 2018 um samráð vegna verkefnis nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Frestur er veittur til 21. desember til að veita umsagnir um tillögudrög nefndar umhverfis- og auðlindaráðherra um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Umræða varð um málið og áherslur sveitarstjórnar varðandi umsögn um tillögudrögin. Sveitarstjóra og oddvita ásamt Guðrúnu S. Magnúsdóttur er falið að vinna umsögn og skila inn innan tilskilins frests.
- 3.6 Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember 2018, um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólks). Umsagnarbeiðni Velferðarnefndar var lögð fram ásamt frumvarpi til laga um breytingar á lögum um húsnæðisbætur. Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við frumvarpið.
- 3.7 Erindi Markaðsstofu Suðurlands, dags. 31. október 2018, beiðni um framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands, ásamt ársreikningi Markaðsstofunnar 2017. Lagt var fram erindi Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir að samstarfssamningur Bláskógabyggðar við Markaðsstofuna verði framlengdur til ársloka 2020. Gjald Bláskógabyggðar verði kr. 430 á íbúa. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn samþykkir erindið með fimm atkvæðum (HK, KS, RAP, EMS og VS) gegn tveimur atkvæðum (GSM og ÓBP).

- 3.8 Beiðni Þjóðskrár Íslands, ódags., varðandi aðgang að stafrænum landfræðilegum gögnum. Lögð var fram beiðni Þjóðskrár Íslands um aðgang að stafrænum landfræðilegum gögnum sem varða Bláskógabyggð. Sveitarstjórn samþykkir erindið og vísar Þjóðskrá á embætti Skipulags- og byggingarfulltrúa varðandi afhendingu gagnanna.
- 3.9 Beiðni Stígamóta, dags, 31 október 2018, um fjárstuðning fyrir árið 2019. Lögð var fram beiðni Stígamóta um stuðning til rekstrar fyrir árið 2019. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
- 3.10 Erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2018, varðandi viðauka við fjárhagsáætlun og leiðbeinandi verklagsreglur um gerð viðauka fjárhagsáætlunar. Erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins var lagt fram. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera tillögu að reglum um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og um millifærslu milli deilda, svo og um heimildir vegna fjárfestingar og millifærslu milli verkefna. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna verklagsreglur um mánaðarlegt stjórnunareftirlit sem sé haldið utan um með skráningu („skjölun eftirlitsaðgerða“), til að fylgjast með því hvort að rekstur sveitarfélagsins sé í samræmi við fjárhagsáætlun og tryggja reglubundinn samanburð á bókhaldi og fjárhagsáætlun, svo unnt sé að meta þörf fyrir að leitað sé samþykkis sveitarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestinga umfram fjárhagsáætlun.
- 3.11 Erindi Þjóðskrár Íslands, dags 13. nóvember 2018, varðandi skráningu lögheimilis einstaklinga. Erindi Þjóðskrár var lagt fram. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn óskar eftir lengri fresti til að afgreiða erindið og vísar því til frekari skoðunar hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa.
- 3.12 Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 9. nóvember 2018, un þingsályktun um stofnun lýðháskóla Ungmennafélags Íslands á Laugarvatni. Umsagnarbeiðni Allsherjar- og menntamálanefndar var lögð fram. Sveitarstjórn fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stofnun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni. Húsakostur í eigu sveitarfélagsins getur hentað vel fyrir starfseminu og sú ríka hefð sem er fyrir margskonar menntastarfsemi á öllum skólastigum á Laugarvatni er góður grunnur fyrir starfsemi lýðháskóla.
- 3.13 Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 29. ágúst 2018, um umsögn um umsóknar Sigurhæða ehf um rekstrarleyfi í flokki II vegna Austurbyggðar 7 og 24, Laugarási. Sveitarstjórn samþykkir að umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Suðurlandi um rekstrarleyfi fyrir Austurbyggð 7 og 24, Laugarási, verði vísað til frekari skoðunar hjá embætti Skipulags- og byggingarfulltrúa á grundvelli minnispunkta Óskars Sigurðssonar, hrl.
- 3.14 Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 15. nóvember 2018, um umsögn um umsókn Sigurðar Sigfússonar um rekstrarleyfi í flokki II, frístundahús, að Lambhaga 14, Syðri-Reykjum, ásamt afgreiðslu byggingarfulltrúa. Lögð var fram beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi um umsögn um rekstrarleyfi í flokki II, frístundahús, að Lambhaga 14, Syðri-Reykjum, ásamt umsögn skipulags- og

byggingarfulltrúa, þar sem gefin er neikvæð umsögn um erindið á þeim grundvelli að leyfisveitingin samræmist ekki stefnu gildandi skipulags. Sveitarstjórn leggst gegn því að gefið verði út leyfi til starfsemi í flokki II, frístundahús, að Lambhaga 14, með vísan til framangreinds.

- 3.15 Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 24. október 2018, um umsögn um umsókn Margrétar S. Lárusdóttur, um rekstrarleyfi í flokki II, gistiskáli, Miðdalskot cottages, Miðdalskoti, ásamt afgreiðslu byggingarfulltrúa. Lögð var fram beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi um umsögn um rekstrarleyfi í flokki II, gistiskáli, að Miðdalskoti, ásamt umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa, þar sem gefin er jákvæð umsögn um erindið. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að gefið verði út leyfi til starfsemi í flokki II, gistiskáli, að Miðdalskoti.
- 3.16 Beiðni Gylfa Kristinssonar, dags. 6. nóvember 2018, um fund með fulltrúum sveitarstjórnar um útgáfu bændalýsinga í Biskupstungum og Laugardal. Erindi Gylfa var lagt fram. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að funda með bréfitara.
- 3.17 Beiðni Landgræðslu ríkisins, dags. 26. nóvember 2018, um 150.000 kr styrk vegna samstarfsverkefnisins „bændur græða landið“ á árinu 2018. Beiðni Landgræðslunnar var lögð fram, þar er gerð grein fyrir framlagi Landgræðslunnar til verkefnisins á árinu 2018. Sveitarstjórn samþykkir að veita 150.000 kr. styrk til verkefnisins.
- 3.18 Erindi Páls M. Skúlasonar, Elínborgar Sigurðardóttur og Guðmundar Ingólfssonar, Iðu, dags. 29. nóvember 2018, um áningarstað við Hvítarbrú við Iðu. Erindi Páls, Elínborgar og Guðmundar var lagt fram, óskað er eftir viðræðum um að komið verði fyrir áningarstað við Hvítarbrú í tengslum við uppsetningu söguskiltis. Sveitarstjórn fagnar erindinu og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við bréfitara og Vegagerðina.
- 3.19 Hverabraut 1: Laugarvatn: Deiliskipulagsbreyting – 1504049. Áður á dagskrá 216. fundar, þar sem afgreiðslu erindisins var frestað. Lagður var fram uppdráttur uppdráttur hönnuðar sem sýnir útfærslu deiliskipulagsbreytingarinnar. Breyting deiliskipulagsins felst í því að kvöð um aðgengi meðfram strönd Laugarvatns er felld niður innan lóðarinnar Hverabraut 1 og mun stígurinn fara vestur fyrir Hverabraut 1 þar sem fyrirhugað er að opna ferðamannastaðinn út mót vatni. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn samþykkir að breyting á gildandi deiliskipulagi verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt verði haldinn opinn íbúafundur um tillöguna áður en auglýsingafresti lýkur.
- 3.20 Tillögur stýrihóps um heilsuefingu. Lagðar voru fram tillögur stýrihóps um heilsuefingu varðandi verkefni á sviði heilsuefingar fyrir árið 2019. Sveitarstjórn þakkar tillögurnar og samþykkir að í fjárhagsáætlun ársins 2019 verði veitt fjármagni til verkefna að fjárhæð 3 milljónir króna.

- 3.21 Tilkynning samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2018, um að reglugerð um stefnumótandi áætlun um málefni sveitarfélaga sé komin til umsagnar í samráðsgátt. Tilkynningin var lögð fram.
- 3.22 Trúnaðarmál.

#### 4. Deiliskipulag Reykhólts

Lögð er fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, deiliskipulagstillaga, greinargerð og uppdrættir fyrir endurskoðað deiliskipulag þéttbýlis í Reykholti, Bláskógabyggð. Deiliskipulagstillagan og greinargerð dagsett 24.10.2018, gerir ráð fyrir að festa í sessi núverandi landnotkun á svæðinu og gerir ráð fyrir þéttingu byggðar þar sem því verður við komið. Markmið eru meðal annars þau að Reykholt verði áfram áhugaverður kostur fyrir búsetu og atvinnuuppbyggingu, að skapaðir verði möguleikar á þróun og vexti núverandi og nýrrar landbúnaðar-, þjónustu-, iðnaðar- og athafnastarfsemi auk þess að skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðarlóðir sem nýtast til uppbyggingar næstu árin. Með tilkomu og gildistöku nýs deiliskipulags í Reykholti falla nokkur eldri gildandi deiliskipulög úr gildi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir þéttbýlið í Reykholti, Bláskógabyggð, og samþykkir að skipulagsfulltrúi auglýsi tillöguna með áberandi hætti í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### 5. Persónuverndaryfirlýsing Bláskógabyggðar

Lögð var fram persónuverndaryfirlýsing Bláskógabyggðar. Persónuverndaryfirlýsingin var samþykkt samhljóða og jafnframt að hún verði endurskoðuð í desember 2019.

#### 6. Mál til kynningar:

- 6.1 Erindi Þjóðskrár Íslands varðandi breytingar á lögheimilisskráningum einstaklinga.
- 6.2 Erindi Jafnréttisstofu, þar sem óskað er eftir upplýsingum um kynjahlutfall í fastanefndum, dags. 12. október 2018, ásamt samantekt sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.
- 6.3 Erindi Umhverfisstofnunar, dags. 26. október 2018, varðandi hindrun á almannarétti við Brúará, á leið að Brúarárfossi.

Fundi slitið kl. 17:45.

---

Helgi Kjartansson, oddviti

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Kolbeinn Sveinbjörnsson

---

Eyrún Margrét Stefánsdóttir



---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Róbert Aron Pálmason

---

Ásta Stefánsdóttir